



## Fundargerð

Nefnd um endurbætur á Grettislaug fundar í stjórnsýsluhúsi að Maríutröð, þriðjudaginn 19. apríl, kl. 13:00. Mætt eru: Kolfinna, Gústaf og Árný.

1. Kynnisferð.

Nefndin vill fara í kynnisferð í sundlaugar í Reykjavík og Selfossi.

Gústi hefur verið í sambandi við aðila sem vilja sýna okkur mismunandi laugar.

Nefndin óskar eftir að nefndarmenn sem fara í þessa ferð fái greiddan ferðakostnað.

2. Saltvatnslaug.

Nefndin vill skoða nánar hvort hægt sé að skipta út klór og taka inn salt í staðinn.

Gústi hefur samband við aðila til að fá að vita hvað þarf að gera svo hægt sé að gera breytinguna.

3. Verkfræðistofa.

Nefndin ætlar að kynna sér hvaða stofur hafa verið að vinna með sundlaugar og svæðið í kringum laugarnar. Finna verkfræðistofu fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 14:00.